

17. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt reglugerð þessari og ekki má leggja á þær lögöld eða gera í þeim fjárnám.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 5, 28. febrúar 1975 sbr. 6. gr. sömu laga og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 3. júní 1975.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 135 4. mars 1975, sbr. reglugerð nr. 66 3. apríl 1970.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu á Akureyri.

1. gr.

Félagsmálaráð og félagsmálastjóri fara með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Akureyri. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum þess aðila, er félagsmálaráð ræður til þess.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísun læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður, félagsráðgjafa eða að öðrum tilvísunum, sem forstöðumaður metur gildar, að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem félagsmálastofnun metur að nauðsyn sé hverju sinni. Heimilisþjónustan felur í sér eftirfarandi atriði:

1. Aðstoð við aldraða, í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.